

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 884/2010

2012/EES/7/46

frá 7. október 2010

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1464/2004 að því er varðar biðtíma til afurðanýtingar fyrir aukefnið Monteban® sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri<sup>(1)</sup>,  
einkum 3. mgr. 13.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir föðuraukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álitis frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 3) Notkun narasíns (Monteban®) var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1464/2004 frá 17. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í föðri aukefnið Monteban®, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf<sup>(2)</sup>.
- 4) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á leyfinu fyrir aukefninu til að stytta biðtíma til afurðanýtingar

fyrir slátrun úr einum degi í núll daga. Leyfishafinn lagði fram viðeigandi gögn til stuðnings beiðninni.

- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 10. mars 2010 að notkun Monteban® fyrir eldiskjúklinga í tillögðum hámarksskammti og án biðtíma til afurðanýtingar sé örugg fyrir neytandann og því megi samþykkja beiðnina um styttingu biðtímans til afurðanýtingar úr einum degi í núll daga<sup>(3)</sup>.
- 6) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1464/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Í töflunni í viðaukanum við reglugerð (EB) 1464/2004 falli setningin „Notkun bönnuð í a.m.k. einn dag fyrir slátrun“ brott úr níunda dálki, „Önnur ákvæði“.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 265, 8.10.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 1.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Stjtið. ESB L 270, 18.8.2004, bls. 8.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1549.